



898. fundur stjórnar GSÍ, 19.-20. apríl 2018 kl.12:00 haldinn á Flúðum.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Jón B. Stefánsson, Gunnar K. Gunnarsson, Bergsteinn Hjörleifsson, Hulda Bjarnadóttir, Hansína Þorkelsdóttir, Hörður Geirsson, Kristín Guðmundsdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Eggert Á. Sverrisson og Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar (897)

Samþykkt og undirrituð

2. Farið yfir verklag og umboð nefnda

Brynjar Eldon fór yfir verklag, heimildir og ferla starfsnefnda GSÍ

3. Farið yfir ný lög sem snúa að persónuvernd.

Brynjar Eldon kynnti efnismikla tilskipun frá Evrópusambandinu sem varðar meðferð og vinnslu persónuupplýsinga en nú liggur fyrir lagafrumvarp þess efnis í meðförum Alþingis. Stutt lögfræðialit var kynnt fyrir stjórn um hvaða þætti þyrfti að huga að í framtíðinni sem snúa að starfsemi GSÍ. Brynjar tjáði fundinum að GSÍ muni bíða eftir leiðsögn ÍSÍ sem fer fyrir sérsamböndum og verður leiðbeinandi aðili í málinu. Brynjari var falið að halda stjórn GSÍ upplýstri í framhaldinu.

4. Formenn nefnda kynna áform sinna nefnda fyrir árið 2018 og framtíðarsýn

Afreksnefnd

Brynjar Eldon ásamt Þorgerði Katrínu fóru yfir málefni afreksnefndar, þar að auki voru rædd eftirfarandi atriði tengt afreksmálum GSÍ.

- Ferlar, forvarnir og viðbragðsáætlanir innan hreyfingarinnar tengt kynferðilegu ofbeldi. GSÍ fylgir ferlum ÍSÍ og mun halda þeirri vinnu áfram.
- Verklag og siðareglur í keppnisferðum á vegum GSÍ.
- Afreksstjóri GSÍ þarf að halda reglulega upplýsingafundi fyrir golfklúbba
- Hvernig fellur afreksstefna GSÍ inn í vinnu að framtíðarstefnu GSÍ?

Hulda Bjarnadóttir lagði til að GSÍ og Forskot afreksjóður aðstoði unga afrekskyflinga enn frekar við að takast á lífið innan sem utan vallar og leggur til að reglulega verði haldin vinnustofa þar sem ungum afrekskyflingum er boðið að taka þátt.



Alþjóðanefnd

Haukur Örn fór yfir málefni alþjóðanefndar og helstu viðburði sem fulltrúar GSÍ munu takast á við á árinu. Málefni sem snúa að norrænu samstarfi og samtökum EGA, R&A og IGF. Haukur Örn lagði til að GSÍ myndi móta sér markvissari stefnu í alþjóðlegu mótahaldi á Íslandi sem fælist í því að GSÍ myndi taka að sér framkvæmd Evrópumóta á þriggja til fjögurra ára fresti.

Haukur Örn sagði frá því að Hörður Geirsson alþjóðadómari hafi nú hafið störf innan reglunefndar R&A. Haukur nefndi að þessu fylgdi mikill heiður fyrir Hörð og hreyfinguna í heild.

Haukur sagði frá því að haustið 2019 muni hann verða settur inn í embætti hjá EGA sem forseti. Þá nefndi Haukur að GSÍ ætti að huga að því að tilnefna reynslumikinn aðila í mótanefnd EGA, enda greiðir þú EGA allan kostnað mótanefndarmanna. Fundarmenn voru sammála um að þátttaka okkar í alþjóðastarfi sé gríðarlega dýrmæt fyrir starfsemi GSÍ.

Fjárhagsnefnd

Kristín Guðmundsdóttir gjaldkeri GSÍ fór yfir sjóðstreymisýfirlit og einnig kostnað, sundurliðaðan eftir deildum. Að því loknu kynnti Kristín almenn markmið fjárhagsnefndar og stefnu ásamt því að ræða horfur í tekjuöflun.

Önnur mál sem rædd voru undir liðnum fjárhagsnefnd voru

- Leikkort GSÍ, en fundarmönnum tóku undir þær áhyggjur að nýtt fyrirkomulag á kortunum hefur orðið til þess að erfiðara er að nýta þau til fjáröflunar fyrir GSÍ.

Laganefnd

Þorgerður Katrín formaður nefndarinnar sagði frá vinnu laganefndar undanfarna mánuði og umfangi þeirra mála sem nefndin hefur tekið fyrir.

Þorgerður Katrín kynnti, ásamt Herði Geirssyni, þær breytingar sem gerðar hafa verið á reglugerðum GSÍ eftir ábendingar síðasta árs. Allar breytingartillögur nefndarinnar voru samþykktar af stjórn að loknum umræðum og smávægilegum breytingum. Verða þær í kjölfarið sendar klúbbum til yfirlstrar.

Þorgerður beindi til stjórnarmanna GSÍ að koma öllum ábendingum um mögulega vankanta á reglugerðum til nefndarinnar öllum stundum.

Landsnefnd eldri kylfinga

Jón B. Stefánsson formaður LEK nefndar kynnti fundinum þá vinnu sem hefur verið unnin að undanfögnu og tengist starfsemi eldri kylfinga innan golfhreyfingarinnar. Þá fór hann yfir mótun stefnu á landsliðsmálum eldri kylfinga, sem er í vinnslu. Öllum bar



saman um að vinnunni miðar vel og lagði Jón til að endanleg tillaga um starfsemina yrði lögð fyrir golfþing 2019 og unnið yrði markvisst, í skrefum, að málunum fram að því.

Mótanefnd

Hörður Geirsson formaður mótanefndar fór yfir það sem hæst hefur borið á nefndarfundum mótanefndar á undanförunum mánuðum ásamt því að kynna framtíðar hugleiðingar mótanefndar er varðar heildarskipulag á mótaráðum GSÍ. Stjórn GSÍ má eiga von á breytingatillögum með haustinu frá mótanefnd GSÍ. Hörður hefur verið að skerpa á verklagi og reglugerðum á undanförunum mánuðum og er það skýrt markmið mótanefndar að halda mótahaldi GSÍ faglegu enda um mót fyrir okkar bestu kylfinga að ræða.

Hörður nefndi að áhersla hefði verið lögð á að fólk í mótanefnd tæki að sér virkara hlutverk við framkvæmd móta á Eimskipsmótaröðinni og í sumar myndi einn mótanefndamaður vera viðstaddur hvert mót.

Að lokum nefndi Hörður að mikil umræða ætti sér stað innan nefndrinnar hvaða mótum GSÍ eigi að standa fyrir í framtíðinni.

Umhverfisnefnd

Gunnar K. Gunnarsson formaður nefndarinnar og Brynjar Eldon fóru yfir markmið og helstu verkefni umhverfisnefndar. En GEO vottun, STERF, og stigskipting keppnisvalla eru meðal þeirra mikilvægu verkefna sem nefndin hefur á sinni könnu og er að vinna að.

Lagt var til að Gunnar myndi sem fyrst setja saman leiðbeinandi starfshóp sem gæti aðstoðað við þá vinnu sem snýr að stigskiptingu keppnisvalla og kynnt var til sögunar árið 2014 á formannafundi. Vinnan er vel á veg komin en ýmsar hraðhindranir hafa staðið í vegi fyrir að vinnunni sé lokið. Það á sér allt eðlilegar skýringar enda gríðarlega umfangsmikið og vandasamt verkefni á ferðinni. Lagt var til að leggja fram vinnuna í þrepum til samþykktar hjá golfhreyfingunni.

Útbreiðslunefnd

Hansína Þorkeldsdóttir formaður útbreiðslunefndar kynnti framtíðarsýn nefndarinnar og þá vinnu sem nefndin hefur staðið í undanfarið. Markmið nefndarinnar sem snúa að útbreiðslu eru nú mjög skýr og nú hefst vinna við að fylgja þeirri stefnu. Hansína kynnti aðkomu GSÍ að Íslandsheimsókn Anniku Sörenstam, sem er fremsti kvenkylfingur sögunnar, í júní á þessu ári og hvernig nefndin hyggst nýta hennar krafta í þágu útbreiðslu.



Hansína fór einnig skýrt yfir ferla sem hún vill sjá ef að um umsóknir til útbreiðsluverkefna er að ræða sem berast GSÍ. Stjórn GSÍ samþykkti tillögu útbreiðslunefndar varðandi þátttöku GSÍ að verkefninu tengt Anniku Sörenstam.

Útgáfunefnd

Hulda Bjarnadóttir formaður útgáfunefndar kynnti vinnu og áform nefndarinnar ásamt nýja nefndarmeðlimi útgáfunefndar. Nefndin ætlar sér að rýna í efnistöð GÁÍ og hvaða miðla GSÍ á að nýta sér í starfi sínu. Einnig vill nefndin skoða heildarásýnd og samstillta þá miðla sem nýttir eru við útgáfu.

Þjónustunefnd

Eggert Á. Sverrisson formaður nefndarinnar kynnti markmið nefndarinnar ásamt því að kynna þá aðila sem í nefndinni eru. Nefndinni er ætlað að taka á málum líðandi stundar í nánú samstarfi við golfklúbba landsins ásamt því að halda stjórnnum golfklúbba upplýstum um stefnu og strauma í stórum málum sem varða golfhreyfinguna. IT starfsnefnd þjónustunefndar hefur nú starfað á þriðja ár og leitt vinnu við að koma vefnum Golf.is í það horf sem hreyfingin er sátt með en formaður þeirrar nefndar, Bergsteinn Hjörleifsson, fór yfir frampróun og áform nefndarinnar í tölvumálum og kynnti einnig fyrir stjórn nýjung sem nokkrir klúbbar hafa farið af stað með. Um er að ræða smáforrit sem kallast GLFR. Golfþing 2017 veitti til þess heimild að golfklúbbar gætu sóst eftir aðgangi í gegnum vefgátt sem tengist gagnagrunni GSÍ en þó þannig að þeir sem nota þjónustuna þurfi að greiða fyrir smíði á vefgáttinni. Mikil umræða skapaðist um að hreyfingin þurfi að fara varlega í öllum ákvörðunum varðandi sameiginlegan gagnagrunn hreyfingarinnar. Nefndin er að gera sitt besta í að reyna að horfa til framtíðar og sjá hvar og hvenær nýjungar gætu komið á borð sambandsins.

Stefna GSÍ - Stefnumótun

Eggert Á. Sverrisson varaforseti GSÍ lagði til að fljótlega færi stjórn GSÍ í þá vinnu við að endurskoða stefnu golfhreyfingarinnar í heild sinni og væri þeirri vinnu skilað á golfþingi 2019 til umræðu og samþykktar.

5. Dagskrá sumarsins

Haukur Örn fór yfir skyldur stjórnarmanna og mikilvægi þess að stjórnarmeðlimir taki að sér verðlaunaafhendingar á mótaröðum GSÍ.



6. Önnur mál

- Yfirfara lista leikkorta, sérstaklega með tilliti til þess hversu fáar konur hafa fengið úthlutað leikkortum fjölmiðlamanna.
- Samstarfsaðilar, staða á samningum
- Haukur minnti stjórnarmenn á blaðamannafund vegna Eimskipsmótaraðarinnar þann 14. maí nk. Nánari tímasetning verður tilkynnt síðar en stjórnarmenn voru hvattir til að mæta.

Næsti stjórnarfundur var ákveðinn 24. maí kl. 18:00. Ekki voru fleiri mál tekin fyrir og fundi slitið þann 20. apríl kl. 11:25